



FÉLAG ELÐRI BORGARA
Á AKUREYRI

1. stjórnarfundur EBAK 14. júní 2021 kl. 14.00

Allir mættir.

1. Fundarsetning. kl. 14:00

Hallgrímur bauð stjórnarmenn velkomna. Fundarmenn kynntu sig.

2. Stjórn EBAK.

Stjórnin skipti með sér verkum. Úlfhildur verður áfram varaformaður, Torfhildur gjaldkeri og Garðar ritari. Röð varamanna verður Sigurður, Friðrik og Helga.

3. Fundargerð 12. fundar 2020-2021 afgreidd.

4. Næsti stjórnarfundur EBAK.

Næsti stjórnarfundur verður miðvikudaginn 18. ágúst kl. 15:30.

5. Starfið framundan:

a) Félagsmiðstöðvarnar í sumar. Þar verður opið 9.00 - 13.00 mánudag-föstudags og auk þess verður opið til 16:00 í Bugðusíðu á mánudögum og miðvikudögum og í Víðilundi á þriðjudögum og fimmtudögum. Á dagskrá verður paravist eftir hádegi á miðvikudögum og Pálínukaffi fh. á mánudegi í Bugðusíðu. Séríða á facebook er fyrir félagsmiðstöðina í Bugðusíðu og önnur fyrir Víðilund. Það þarf að samræma facebook síðurnar.

b) Gönguferðir/Golf. Gönguferðir komnar af stað, bæði á þriðjudags og fimmtudagsmorgunn. Það þarf að skipa stjórn í gönguklúbbinn, Ásrún Alfreðsdóttir er ein en þarf tvö með henni.

c) Haust og vetur. Þarf að hugsa fyrir dagskrá félagsmiðstöðvanna næsta vetrar. Málefni öldungaráðs rædd.

6. Aðalfundur.

a) **Endurmat.** Salurinn í Bugðusíðu er of lítill og loftgæði ekki nógu góð fyrir stóran fund. Skipuleggja skýrslur nefnda betur með það í huga að stytta fundinn.

b) **Ályktanir - afgreiðsla.** Ályktanir búið að senda ályktanir aðalfundar til þeirra sem eiga að fá. Bæjarstjórn og öldungaráði. Senda fjölmiðlum ályktanirnar.

7. Húsnæðið í Bugðusíðu. Hugmynd að breyta húsnæði í Bugðusíðu með því að fjarlægja vegg til að fá stærri sal. Skoða málið betur. Frestað fram til næsta fundar.

Það þarf að koma skipulagi leigu á salnum í Bugðusíðu. Framkvæmdaráð hittist þriðjudaginn 15. júní kl.10:00

8. Búfesti. Hallgrímur og Sigurður fóru á fund Búfestis. Það er búið að skipuleggja norðurhluta Holtahverfis. Búfesti fær úhlutað 2 blokkir með 48 íbúðum og bílakjallara fyrir eldri borgara. Búfesti bað um þarfakönnun um áhuga á þessum íbúðum og hvaða stærð. Ákveðið að senda spurningablað með LEB blaðinu sem verður borið út á næstunni.

9. LEB blaðið. Þarf að bera út blaðið sem allra fyrst.

10. Önnur mál:

Tillaga að formaður og gjaldkeri fái umbun fyrir sína vinnu. Stungið upp á gjafabréfi upp á 50.000- . Samþykkt.

Netmiðlanefnd. Tillaga um að netmiðlanefnd verði óbreytt þ.e. Garðar Lárusson og Sigurður Harðarson.

11. Fundarslit kl 15:00.

Garðar Lárusson ritaði fundargerð.